

Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar.

Skýrsla forseta, starfsárið 2010-2011.

(Flutt á klúbbfundum 30. júní 2011.)

Inngangur

Ágætu rótarýfélagar!

64. starfsár Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar er senn á enda, sem um leið segir okkur að klúbburinn á 65 ára afmæli í haust.

Viðurkenna verð ég að þetta ár hefur verið krefjandi. Það hefur verið gaman að fást við að undirbúa hvern fund en um leið bindandi þar sem fundir eru í hverri viku.

Vil ég þakka félögum fyrir að taka vel tölvupóstum og hringingum frá mér, þegar ég var að fullvissa mig um að komnir væru fyrirlesarar fyrir fundina og þá stundum með nokkuð löngum fyrirvara.

Er ég tók við forsetaembættinu í júlí í fyrra, átti ég ekki von á ýmsum uppákomum. Fljótlega kom tildæmis einn félagi til mín og kvartaði yfir að aldrei kæmu fréttir frá félögum sem væru aldraðir-veikir, ég hef nú ekki vanist þannig fréttum, en þar sem hugmyndin er góð, vísaði ég því til Öldrunarnefndar.

Félagi kvartaði yfir að vera settur í nefnd, en hér eru bara allir settir í nefnd, það sleppur enginn.

Í október kom upp hugmynd frá nokkrum félögum að þeir elduðu súpu fyrir einn fund og peningarnir færu til styrktar barnaheimilinu í Kimberley. Hugmyndin með súpufundi er að sjálfsögðu góð, en það gleymist bara að við erum samningsbundin við „kokkinn“ um matarmálin. Ég ræddi við kokkinn og var hann mjög heiðarlegur, er hann tjáði mér, að hann vildi ekki missa fundina. Á þessum tíma var líka lítið að gera.

Þessi súpuhugmynd hefur svo tvívegis komið upp aftur í mismunandi útfærslum, en ég er ekki viss um að hún sé alveg hugsuð til enda.

En mér finnst, við getum verið mjög ánægð með það sem kokkurinn hefur borið á borð fyrir okkur, maturinn hefur verið bæði hollur og vel fram borinn. Það er erfitt að áætla magn matar fyrir hvern fund, þar sem maturinn er ekki eldaður á staðnum.

Kokkurinn hefur gætt þess að vera ekki með unna kjötvöru, sem er ekki æskileg, og sérstaklega ekki fyrir fólk sem lent hefur í veikindum.

En nú er komið nýtt rótarýár, svo nýr forseti fær að kljást við súpumálið.

Verkefni

Ég setti stefnu á að verkefni þessa árs yrði að merkja skógræktarlund klúbbsins.

Þetta var á áætlun klúbbsins rótarýárið 2006-2007 en náðist ekki þá, en hugmyndin fannst mér vera góð og þörf. Það veit enginn hvers skógræktarsvæði þetta er fyrr en komið er inn í skógarrjóðrið og minningarsteinninn kemur í ljós.

Því fékk ég til liðs við mig frábæra féлага þá Sigurþór, Gylfa og Skúla.

Eftir góðan hugmyndafund fórum við á stað og fundum hraungrjót stórt og mikið, er flutt var á staðinn og nú er verið að ljúka vinnslu merkisins, sem kemur á steininn, eftir hugmynd Sigurþórs. er frágangi að ljúka og vil ég biðja féлага að vera vakandi fyrir tölvupósti einhvern næstu daga, því þá verður ykkar vænst við vígslu merkisins.

Að öðrum í hópnum ólöstuðum þá vil ég sérstaklega þakka félagi okkar Sigurpóri, því hann hefur haft veg og vanda að allri hönnun. Því miður var ekki hægt að ljúka þessu fyrr, því veður, þ.e. frost og kuldi, töfðu verkið.

Sú nýbreytni var tekin upp, að nýendurskoðuð „Sérlög Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar“ voru prentuð inn í litlu handbókina okkar, sem er gott mál, því þá er alltaf hægt að hafa Sérlögin við höndina og fletta ef félagi eða stjórn er í vafa um einhver klúbbmál.

Fundarboð til féлага hafa verið mörg fyrir hvern fund, en það skal viðurkennt að mér persónulega finnst rafrænu fundarboðin mjög ópersónuleg og því sendi ég alltaf út mín eigin fundarboð á hverjum mánudegi. Þá sá ég einnig til þess að þeir félagar okkar sem ekki eru með tölvur fengu sín fundarboð með hefðbundnum pósti þ.e. frímerkt bréf.

Klúbbstarfið

Stjórnarfundir

Formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu eftir þörfum. Að auki var tölvupóstur notaður til minni skilaboða, svo ekki sé verið að kalla saman stjórnarfund að litlu tilefni.

Klúbbfundir

Haldnir voru 48 formlegir klúbbfundir á starfsárinu, þar af var einn fundur klúbbþing. Aldrei var skortur á fundarefnum. Félagar reyndust hver öðrum betri við öflun góðra fundarefna. Fundarefni hafa verið mjög fjölbreytt og fræðandi og erfitt að gera upp á milli þeirra. Fyrirlesarar hafa komið úr öllum áttum og verið hver öðrum betri. Margir félagar hafa orðið að útvega fyrirlesara, sem skapar fjölbreytnina. Nokkur fundarefni voru hefðbundin, eins og stjórnarskipti, tilnefningar til stjórnar og kosning stjórnar, einnig árshátíð, jólafundur og þorralót.

Þá fluttu tveir af okkar nýrri félögum starfsgreinarerindi og gáfu okkur þannig innsýn í það sem þeir eru eða höfðu verið að fást við. Þetta voru Erlendur Guðmundsson og Haukur Birgisson.

Umdæmisstjórinn okkar Margrét Friðriksdóttir og eiginmaður hennar komu í heimsókn til okkar 4. nóvember.

Margrét flutti okkur formleg skilaboð umdæmisstjóra og forseta Rotary International.

Forseti Rotary International þetta starfsár, hefur verið Ray Klingensmith og einkunnarorð starfsársins sem hann valdi voru: “Building Communities-Bridging Continents“ eða “Teystum samfélagið -Tengjum heimsálfur”.

Þriggja mínútna erindi

Starfsárið 2006-2007 voru þriggja mínútna erindin tekin upp aftur. Þessi stuttu erindi, frásagnir, sögur eða ljóð, eru skemmtileg tilbreyting á fundunum og oft sér maður nýja hlið á félögunum og nýir leyndir hæfileikar félaganna koma í ljós. Félagar eru ábyrgir fyrir sínum erindum, það er ef þeir eru forfallaðir á þeim fundi, sem þeir eiga að flytja sitt erindi, verða þeir að sjá um að skipta við einhvern.

Hefur þetta gengið mjög vel og hafa erindi aðeins tvisvar fallið niður.

Mætingar

Þrír félagar þ.e. þær Sigríður Kristín, María Kristín og Þórdís óskuðu sérstaklega eftir að verða undanþegnir mætingarskyldu á starfsárinu vegna anna í námi og starfi. Stjórnin komst að því að þessir félagar uppfylltu nauðsynleg skilyrði og varð stjórn klúbbsins við óskum þeirra.

Mætingar félaga á klúbbfundi voru nokkuð góðar í upphafi starfsársins, en um miðbik ársins fóru mætingar of langt niður á við. Kvartað var til forseta um að félagar væru orðnir fastir í ákveðnum sætum og gerði það nýrri félögum erfitt fyrir að ná sambandi við suma félaga. Forseti fór því að kynna sér mætingar í öðrum klúbbum og kom í ljós að margir klúbbar nota litaspjöldin alltaf svo félagar róteru milli borða.

Má segja að eftir að spjöldin voru tekin upp aftur, fór mæting að lagast til muna, hafa margir félagar lýst yfir sérstakri ánægju með að þetta var tekið upp aftur og nú þyrfti bara að viðhalda því.

Engu að síður er alltaf lítill hópur félaga sem er með lélega mætingu og tekur takmarkaðan þátt í því sem er verið að gera. Þessir félagar gefa ýmsar skýringar. Væri óskandi að þeir sem svo er ástatt um líti í eigin barm og spyrji sjálfan sig hvort ekki sé hægt að gera betur og vera virkari í því sem klúbburinn tekur sér fyrir hendur. Það hlýtur að gefa viðkomandi meiri ánægju, og um leið að styrkja starf klúbbsins.

Klúbbstarfið verður jú bara eins og við mótum það sjálf.

Félagi sem mætir illa og tekur lítið þátt í klúbbstarfinu kynnist félögum lítið og þeir honum lítið.

Minna má félaga á að mæta á fundi í öðrum klúbbum bæði innanlands sem utan. Þannig er hægt að öðlast vitneskju um hvernig aðrir klúbbar starfa. Af því getum við lært og eflt okkar klúbb. Með þessu geta félagar bætt upp sína eigin mætingu.

Andlát

Félagi okkar Björn B. Líndal lést á starfsárinu. Björn var með traustustu félögum klúbbsins í marga áratugi. Björns var sérstaklega minnst á fundi og eins eru minningarorð um Björn á heimasíðu klúbbsins.

Félagaskrá

Í upphafi starfsársins voru 77 félagar í klúbbnum okkar, þar með taldir heiðursfélagarnir þeir Níels Árnason og Sigurbjörn Kristinsson.

Þrír nýir félagar bættust í félagahópinn á starfsárinu. Það eru þeir Einar Ragnarsson, Haukur Birgisson og Sigurður Þórðarson.

Nefndastörf

Landgræðslunefnd

Landgræðslunefnd var undir forystu Sigurðar Einarssonar. Nefndin hafði veg og vanda að skógarhöggi jólatrjáa fyrir jólin og gróðursetningarferð klúbbsins í vor, auk þess að sjá um 4 fundarefni. Þau Jón Vignir og eiginkona hans Hjördís buðu afnot að heimili sínu til kaffi drykkju eftir gróðursetninguna, en þar eð þau voru fjarverandi sáu Auðunn Karlson og eiginkona hans Þorbjörg um að bjóða öllu gróðursetningarfólkinu í vöfflur og kaffi.

Æskulýðsnefnd

Æskulýðsnefnd starfaði undir forystu Guðmundar Rúnars Ólafssonar. Skiptinemi var á vegum klúbbsins þetta árið. Fyrir og í upphafi starfsárs vissi stjórnin ekki um að von væri á skiptinema eins og fram kemur í fjárhagsáætlun. Sérstaklega ber því að þakka Jóni Auðunni Jónssyni og fjölskyldu hans og Eyjólfu Sæmundssyni og hans fjölskyldu fyrir að hýsa skiptinemanng og fyrir að sjá um hann. Skiptineminng heitir Juan Pablo De León Moreno og kemur frá Mexiko. Skiptinemastarfið er tvímælalaust einn umfangsmesti og um leið einn mikilvægur þáttur í starfi rótarý á heimsvísu, en það starf verður að vera mjög vel undirbúið og ekki má samþykkja skiptinema til klúbbsins fyrr en búið er að finna félagag,sem eru til búnir að taka á móti honum.

Þá sá Æskulýðsnefnd einnig um 4 fundarefni.

Skemmtinefnd

Skemmtinefnd starfaði undir forystu Péturs Óskarssonar. Skemmtinefnd er ein af mikilvægustu nefndum klúbbsins okkar og því eins gott að hún sé vel mönnuð. Árshátíðin var haldin 9. október og var vel sótt og vel heppnuð, enda skemmtiatriði vönduð. Jólafundurinn var haldinn 16. desember og fór vel fram. Þorrablót var haldið 20. janúar á hefðbundinn hátt og tókst vel. Niðjafundur var ekki haldinn í ár þar sem niðjafundurinn hefur verið frekar illa sóttur og ef til vill orðinn barn síns tíma, en forseti fékk eina kvörtun yfir að fella hann niður og vonandi bætir ný stjórn úr því.

Verðlaunanefnd nemenda

Verðlaunanefnd nemenda starfaði undir forystu Reynis Guðnasonar. Sú breyting sem tekin upp starfsárið 2005-2006 að fulltrúar úr nefndinni og eða stjórn klúbbsins eru viðstaddir skólaslit í grunn- og framhaldsskólum bæjarins hefur reynst einkar vel. Afhent eru bókarverlaun til þeirra nemenda sem standa sig best. Áður fer fram stutt kynning á rótarý. Allir skólarnir taka klúbbfélögum fagnandi en einn skóli Iðnskólinn í Hafnarfirði vildi allt í einu ekki fá fulltrúa frá okkur og var bókin því send til skólans. Þessar heimsóknir eru góð kynning á Rótarýstarfinu. Áður hafði nemendum og fulltrúa frá hverjum skóla verið boðið á rótarýfund, en þar sem skólarnir eru orðnir níu er þetta orðið þungt mál og kostnaðarsamt eins kynnum við klúbbinn betur og fyrir fleirum er farið er í heimsókn út í skólana.

Framkvæmdasjóður

Framkvæmdasjóði var stýrt af Skúla G. Valtýssyni.

Skúli G. Valtýsson mun gera grein fyrir rekstri sjóðsins, sem aðallega felst í jólamerkja-útgáfunni og jólatrjáasölu úr lundinum okkar. Síðan styrkir sjóðurinn einstaka þætti í starfi klúbbsins í samræmi við ákvæði sérlaganna.

Öldrunarnefnd

Öldrunarnefnd, undir forystu Sigurðar Hallgrímssonar, þurfti að sjá um fundarefni á þremur fundum, og var nefndin með góð erindi er teyngdust störfum og lífi eldri borgara.

Ferðanefnd

Ferðanefnd undir forustu Sigurjóns Péturssonar sá um vorferð klúbbsins, sem reyndar er oftast í kringum 1. maí. en kuldi og erfitt veðurfar var til þess að ferðin var ekki farin fyrr en 27. maí. Ferðin tókst vel, þó betur hefði mátt vera mætt, sennilega er best að fyrsta maíferðin sé farin sem næst þeirri dagsetningu, svo félagar geti tekið daginn frá. Stjórnin tók þá ákvörðun að utanlandsferð væri ekki farin í ár eins og ástandið er í þjóðfélaginu.

Umsjón með rótarýgolf

Umsjón með rótarýgolfi er föst nefnd í klúbbum. Jóhannes Pálmi Hinriksson veitti nefndinni forystu. Í þessum hópi er stöðugt að fjölga og áhuginn að aukast fyrir golfinu, en kuldinn í vor varð eflaust til þess að minni þátttaka var í golfmótinu í vor en oft áður. Í ár var golfmótið í umsjón Rótarýklúbbs Keflavíkur og fór fram í Leirunni. Jóhannes Pálmi vann bikarinn án forgjafar fyrir Rótarýklúbb Hafnarfjarðar. Guðmundur Friðrik og Jóhannes Pálmi fengu verðlaun fyrir að vera næstir holu á þar 3 holum.

Hefðarnefnd

Hefðarnefnd starfaði þetta starfsár. Tók hún saman „Leiðbeinandi minnislista yfir siði og venjur í starfi Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar“. Í nefndinni voru Kristján Stefánsson formaður, Albert J. Kristinsson, Bjarni Þórðarson og Skúli G. Valtýsson. Nefndin lauk störfum 17. febrúar 2011 og má sjá niðurstöður nefndarinnar á heimasíðu klúbbsins.

Vefnefnd

Vefnefnd fór af stað undir forystu Axels Valdimars Gunnlaugssonar. Átti vefnefndin að vinna í að uppfæra heimasíðuna og setja inn fréttir af klúbbstarfinu. Starfið fór þokkalega af stað en viðurkennast verður að eftir áramót gerðist ekkert og bar formaður fyrir sig önnur í starfi. Vonum við því að ný vefnefnd standi sig betur á nýju starfsári.

Aðrar nefndir

Aðrar nefndir klúbbsins þ.e. klúbbþjónustunefnd, starfsþjónustunefnd, þjóðmálanefnd, alþjóðamálanefnd, félaganefnd og rótarýfræðslunefnd, höfðu hefðbundnu hlutverki að gegna og hver um sig þurfti að sjá um 3-5 fundarefni og tókst það undantekningarlaust með ágætum.

Styrkur

Klúbburinn tók þátt í að styrkja Rótarakt klúbbinn Geysi,þ.e. ungliðahreyfingu Rótarý til Inlandsferðar. Þar taka þau þátt í að hjálpa til við Polio Plus verkefnið.

Lokaorð.

Rótarýhjólíð heldur áfram að snúast og nýtt fólk kemur inn í stjórnina í stað þeirra sem hverfa á braut.

Þegar ég horfi til baka er mér efst í huga þakklæti í garð allra sem hafa unnið með mér á starfsárinu. Þeirra Sigþórs Jóhannessonar verðandi forseta, Steingríms Guðjónssonar ritara, Eyjólfss Sæmundssonar gjaldkera, Daníels Sigurðssonar stallara og svo Hallgríms Jónassonar fyrrverandi forseta,svo og Haraldar Þórs og Gunnhildar sem hlupu undir bagga og aðstoðuðu mig þegar á þurfti að halda.

Þó vil ég sérstaklega þakka ritaranum mínum Steingrími fyrir störf hans, aðstoð og þolinmæði við mig.

Að lokum langar mig til að þakka ykkur félögum mínum í klúbbum fyrir frábært samstarf á starfsárinu.

Það hefur verið gaman að starfa með ykkur.

Skemmtileg stemming hefur verið á fundunum og erindi hafa verið fræðandi.

Já ,það er gaman að vera félagi í Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar og ef ég hefði ekki gengið í Rótarýklúbb Hafnarfjarðar 14. maí 1998, þá væri líf mitt eflaust allt öðruvísi en það er í dag og örugglega ekki jafn ánægjulegt.

Hjördís Guðbjörnsdóttir

Forseti Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar, starfsárið 2010-2011.